



316. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 2. desember 2021 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Andri Stefánsson starfandi framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Mættir á Teams: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud.

Forföll: Knútur G. Hauksson, Olga Bjarnadóttir og Viðar Garðarsson.

Forseti bauð fundarmenn velkomna til fundar.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá skrifstofu

Andri Stefánsson starfandi framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu sem voru fjölbreytt að vanda. Nýtt kerfi, Wired Relations, verður innleitt á skrifstofu ÍSÍ næstu vikunna til að einfalda utnumhald GDPR málefna hjá ÍSÍ. Fundað var með fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um samninga og verkefni. Unnið er að ráðningu starfsmanna í samstarfsverkefni Landssambands eldri borgara og ÍSÍ. Mögulega verða báðir starfsmennirnir með aðstöðu á skrifstofu ÍSÍ. Ýmsir fræðsluviðburðir hafa verið í boði undanfarið, m.a. varðandi styrkjamál og sjálfbærni. Mikið sóknarfæri er í erlendu styrkjaflórunni og skoða þarf vel Erasmus+ styrkjakerfið.

Framkvæmdanefnd Ólympíuleikanna í Tókýó hefur nú endurgreitt ÍSÍ allt varðandi bæði miðamál og gistingu.

Samningaviðræður eru enn í gangi við fyrirtækin í Ólympíufjölskyldunni.

Umsögn var send í samráðsgátt um drög að stefnu í rafíþróttum.

Andri ræddi aðeins stjórnarskiptin og þær breytingar sem orðið hafa á ráðherraskipan. Nánast engar breytingar eru á fjárlögum Alþingis í málaflokkum er varða íþróttahreyfinguna.

Starfandi framkvæmdastjóri hefur þurft að aðstoða eitt sérsamband vegna ágreinings innan stjórnar.

2. Fagsvið ÍSÍ

Þórey Edda Elísdóttir formaður fagraðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ skýrði frá helstu verkefnum á sviðinu. Undirbúningur fyrir Vetrarólympíuleikana í Peking og Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar er í fullum gangi. Stærstu málin á sviðinu hafa snúið að ákvörðun um styrki til íþróttamanna í undirbúningi fyrir Sumarólympíuleikana í París 2024 og flokkun sérsambanda í A,B og C.

Umræður urðu um skilgreiningar Ólympíusamhjalparinnar varðandi styrki til íþróttafólks í aðdraganda Ólympíuleika.

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir skýrði frá vel heppnuðu landsátaki í sundi sem bar yfirskriftina Syndum. Átakið var samstarfsverkefni ÍSÍ og Sundsambands Íslands en

Almenningsíþróttasvið ÍSÍ hafði umsjón með verkefninu. Skráðir syntir kílómetrar þátttakenda samsvöruðu ríflega 11 hringjum í kringum landið. Átakinu var afar vel tekið á landsvísu.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir formaður fagraðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ skýrði frá helstu verkefnum á sviðinu. Þátttakendur í haustnámskeiði ÍSÍ í þjálfaramenntun (fjarnámskeið) voru 44 og er fyrirhugað að keyra annað námskeið í febrúar 2022. Starfmenn á sviðinu hafa fylgt samskiptaráðgjafa á kynningarfundum um land allt síðustu vikurnar. Mæting á fundina var í það heila dræm en upptaka af fyrirlestri sem sendur var út í streymi verður aðgengilegt áfram fyrir þá sem af misstu.

Starfshópur samskiptaráðgjafa er að störfum en það styttist í lokaskýrslu. Vinnuhópur ÍSÍ um verkferla og heimildir er enn að störfum. Hópurinn er kominn með starfsmann, Kristínu Birnu Ólafsdóttur verkefnastjóra hjá ÍSÍ.

ÍSÍ tekur þátt í ráðstefnu Reykjavíkurleikanna, líkt og fyrri ár. Ráðstefnan er þrískipt að þessu sinni og málefni hennar eru íþróttir barna og unglinga, stjórnun íþróttafélaga og þjálfun afreksfólks.

3. **Fjárhagsupplýsingar**

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ fór yfir 10 mánaða rekstur ÍSÍ sem er í góðu jafnvægi. Rekstur Íslenskrar getsþár gengur áfram vel.

Samþykkt að ÍSÍ nýti heimildir um umsýslugjald sjóða samanber samninga þar um:

- Ferðasjóður íþróttafélaga, þrjár milljónir króna til umsýslu, af framlagi ársins 2022.
- Afreksjóður ÍSÍ, þrjár milljónir króna til umsýslu, af framlagi ársins 2022 .

4. **Formannafundur ÍSÍ**

Forseti skýrði frá því að nýr ráðherra íþróttamála, Ásmundur Einar Daðason, verði gestur Formannafundar ÍSÍ 8. desember nk. Hann skýrði einnig frá því að lokaskýrsla úttektarnefndar ÍSÍ sé í loka yfirlestri. Skýrslan verði kynnt á blaðamannafundi og niðurstöður hennar mögulega einnig kynntar á Formannafundinum.

Forseti minnti á fyrirhugaðan kvöldverð stjórna ÍSÍ og UMFÍ í Café Easy eftir Formannafundinn.

5. **Fjármálaráðstefna ÍSÍ**

Stefnt er að fjármálaráðstefnu ÍSÍ 19. janúar nk. á milli kl. 14 og 17. Rætt um umfjöllunarefni ráðstefnunnar sem verða nokkuð fjölbreytt.

6. **Íþróttamaður ársins 2021**

Starfandi framkvæmdastjóri skýrði frá því að áætlanir hafi breyst frá síðasta stjórnarfundum varðandi viðburðinn. Í ljósi stöðu kórónuveirufaraldursins í samfélaginu þessar vikurnar þá verður reynt að afhenda viðurkenningar til íþróttafólks sérsambanda ÍSÍ í 2-3 hollum á sama degi rétt fyrir jól. Útnefnt verður í Heiðurshöll ÍSÍ í beinni útsendingu RÚV þegar kjöri um Íþróttamanns ársins 2021 verður lýst, þann 29. desember nk.

7. Breyting á reglugerð ÍSÍ um keppnisferðir

Drög að reglugerð ÍSÍ um keppnisferðir hafa verið endurunnin með hliðsjón af ábendingum og athugasemdum sem fram komu á síðasta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Reglugerðin samþykkt. Skrifstofa sér um að uppfæra reglugerðina á heimasíðu ÍSÍ.

8. Vinnuhópur ÍSÍ um íþróttahéruð

Forseti kynnti áform um skipan vinnuhóps ÍSÍ um íþróttahéruð, með það hlutverk að skoða og bera saman umfang og stærð íþróttahéraða, bæði starfslega og fjárhagslega. Samantekt vinnuhópsins verður svo nýtt í endurskoðun ÍSÍ og UMFÍ á skiptingu lottós.

Samþykkt að skipa Hörð Þorsteinsson sem formann hópsins og með honum Garðar Svansson, Gunnar Þór Gestsson, Líneyju Rut Halldórsdóttur og Auði Ingu Þorsteinsdóttur. Starfsmaður vinnuhópsins verður Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ.

9. Almannaheillaskrá

Forseti rifjaði upp breytingatillögur ÍSÍ við þingsályktunartillögu um Amannaheillafélög síðastliðið vor og varðaði undanþágu fyrir íþróttahreyfinguna um breytingar á lögum. Sú krafa náði í gegn og sú niðurstaða er afar góð fyrir hreyfinguna. Íþróttahreyfingin annast sjálf yfirlestur laga eininga í hreyfingunni og sér til þess að þau uppfylli nauðsynleg skilyrði.

Forseti mun kynna þetta mál á Formannafundi ÍSÍ. Leiðbeinandi upplýsingar verða unnar í samráði við Skattinn.

Andri Stefánsson vék af fundi.

10. Staða ráðningarferlis í stöðu framkvæmastjóra ÍSÍ

Forseti deildi út til fundarmanna minnisblaði frá Hagvangi, sem hefur umsjón með ráðningarferlinu. Umsækjendur voru 29 talsins og eftir fyrstu yfirferð umsókna þá standa níu umsækjendur eftir. Viðtöl verða tekin við alla þá umsækjendur í næstu viku og verður þá valið þrengt enn frekar. Samþykkt að framkvæmdastjórn fái nánari upplýsingar þegar þangað verður komið.

Forseti sagðist vonast til að hægt verði að ráða í stöðuna á næstu tveimur vikum.

Andri Stefánsson kom aftur inn á fundinn.

11. Niðurstöður rannsóknar um góða stjórnunarhætti hjá íþróttasamböndum

Starfandi framkvæmdastjóri skýrði frá niðurstöðum rannsóknar um góða stjórnunarhætti hjá íþróttasamböndum í nokkrum Evrópulöndum sem kynntar voru 23. nóvember sl. Tveir íslenskir meistaranemar frá Molde háskólanum í Noregi unnu við rannsóknina og unnu samantekt um nokkur íslensk sambönd, þar á meðal ÍSÍ.

Fyrirhugað er að nýta sér þessar niðurstöður til umbótavinnu á þeim þáttum sem ekki komu nógu vel út, á næstu misserum.

12. Heiðranir

Lögð fram tillaga Heiðursráðs ÍSÍ um að Einar Vilhjálmsson verði útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ 29. desember nk.
Tillagan samþykkt samhljóða.

13. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 315. fundur framkvæmdastjórnar
- Fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 4., 22. og 29. nóvember 2021
Tillaga sviðsins frá fundi 29. nóvember sl. um að sækja um styrki til Ólympíusamhjalparinnar fyrir sjö einstaklinga samþykkt samhljóða. Tveir verða á 1500 USD styrk á mánuði og fimm á 900 USD styrk á mánuði. Nánari útlístun er að finna í viðkomandi fundargerð.
- Fundur Laganefndar ÍSÍ frá 14. og 17. nóvember 2021
- Fundur Heiðursráðs ÍSÍ frá 19. og 24. nóvember 2021

14. Viðburðir framundan

Farið fyrir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

15. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur verður 17. desember nk.

16. Önnur mál

Fundur Íþróttamannanefndar ÍSÍ með nýjum ráðherra

Ásdís Hjálmsdóttir Annerud skýrði frá því að fulltrúar Íþróttamannanefndar ÍSÍ teldu nauðsynlegt að funda með nýjum ráðherra íþróttamála um lýðréttindi afreksíþróttafólks. Forseti mun kanna möguleika á slíkum fundi.

Laganefnd ÍSÍ

Samþykkt að skipa Daða Heiðar Kristinsson í Laganefnd ÍSÍ, að tillögu formanns laganefndar. Mögulega mun verða fjölgað enn frekar í nefndinni síðar þar sem umfang verkefna nefndarinnar hefur aukist undanfarna mánuði.

Fulltúar í nefndum EOC

Þrír fulltrúar ÍSÍ voru skipaðir í nefndir á vegum EOC:

Lárus L. Blöndal forseti var skipaður í EOC EU Commission.

Líney Rut Halldórsdóttir ráðgjafi var skipuð formaður í EOC EYOF Commission.

Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir formaður fagraðs Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ var skipuð í EOC Gender Equity.

Sportabler

Gunnar Bragason skýrði frá stöðu mála varðandi gerð skilakerfis starfsskýrslna í Sportabler. Uppbygging kerfisins gengur vel.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir